**síga** *so. sb.-1 – grípa*
[seig, sigum, sigið]

– hann seig niður í mjúkan sófann

‡

**hleyp·a** *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– af hverju er mér ekki hleypt inn?

‡ • hlaup, hlaupa

**still·a** *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– ég stillti klukkuna á hálf átta

‡ » róa (so vb), sætta

**útskýr·a** *so. vb.-i – heyra*
[-ði]

– viltu útskýra þetta betur?

‡ • út; skýr, skýring, skýrsla » skýra

**stöð** *kvk. – nál V*
[-var, -var]

– horfir þú á Stöð tvö?

‡ stǫð • standa, staður, staða; stöðugur, stöðva

**hæl·l** *kk. – hestur S*
[-s, -ar]

– hún er á háum hælum

‡

**þak** *hk. – hús Ö*
[-s, þök]

– við eigum hvítt hús með grænu þaki

‡ • þekja

**útlönd** *hk. ft. – hús*

– þau fara alltaf til útlanda á sumrin

‡ útlǫnd • út, land, útlendingur, útlendur

**áætlun** *kvk. – mynd Ö*
[-ar, áætlanir]

– allt gekk samkvæmt áætlun

‡ • ætla, ætlun

**hjól** *hk. – hús*
[-s, -]

– hún ætlar að ferðast um landið á hjóli

‡ • hjóla

**band** *hk. – hús Ö*
[-s, bönd]

– það þarf að binda band utan um pakkann

‡ • samband, bandalag, hjónaband

**list·i** *kk. – tími*
[-a, -ar]

– öll nöfnin eru á listanum

**velkomin·n** *lo. – gulur B S*
[-, velkomið]

– ég býð ykkur innilega velkomin

‡ • koma, koma, fullkominn, samkomulag; vel

**frábær** *lo. – gulur R*
[-, -t; -ari, -astur]

– við fengum frábærar móttökur

‡ frábærr/frábæriligr/frábærligr • frá, bera

**flókin·n** *lo. – gulur B S*
[-, flókið; flóknari, flóknastur]

– þetta er ekki flókið dæmi

‡

**byrjun** *kvk. – mynd Ö*
[-ar, byrjanir]

– þetta var bara erfitt í byrjun

‡ • byrja » upphaf « endi, lok